

DAGUR LEIKSKÓLANS

Menntamálaráðuneytið, Félag leikskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli hafa sameinast um að tileinka leikskólanum 6. febrúar sem er DAGUR LEIKSKÓLANS en þann dag árið 1950 stofnuðu leikskólakennara fyrstu samtök sín.

Markmið Dags leikskólans er:

- Að gera þegna þjóðfélagsins betur meðvitaða um þýðingu leikskóla fyrir börn.
- Að skapa jákvæða ímynd um leikskólakennslu og auka áhuga fólks á starfinu.
- Að beina athygli þjóðarinnar að stöðu leikskólans, gildi hans fyrir menningu og þjóðarauð.



Í Leikskólanum Sólvöllum eru 55 nemendur á tveimur deildum. Leikskólinn er fyrir börn frá 1. árs aldri. Bæjarstjórn ákvað að lækka aldurinn í 1 árs til reynslu í ágúst 2007 því hefur verið haldið áfram og verður líklega á meðan húsnæði leyfir. Dvalarstundir nemenda leikskólans eru í heildina um 393 og er því meðaldvalartími rúmum 7 tímum. Nemendur mæta allir kl. 8:00 og eru til 12:00, 14:00 eða 16:00. Starfsmenn leikskólans eru 16 og er vinnutíma þeirra frá 50 til 100%.

ÚR LÖGUM UM LEIKSKÓLA 2. gr. Markmið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellndri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Við bjóðum góðan dag, alla daga

LEIKSKÓLINN SÓLVELLIR

DAGUR LEIKSKÓLANS

Við bjóðum góðan dag, alla daga

LEIKSKÓLINN SÓLVELLIR